


## STAÐA MÁLS

Málnr.:	<b>19-159F044</b>
Dags:	<b>28. október 2019</b>
Staður:	<b>Flugbraut 01 á Keflavíkurflugvelli</b>
Lýsing:	<b>Lýsti yfir neyðarástandi og lenti á lokaðri flugbraut</b>
Staða máls:	<b>Október 2020: Í rannsókn</b> <b>Október 2021: Skýrsludrög í vinnslu</b> <b>Október 2022: Skýrsludrög í yfirferð nefndarinnar</b>

Flugvél TF-ISF (Boeing 757-200) var að nálgast Keflavíkurflugvöll á flugi frá Seattle, þegar flugvöllurinn lokast klukkan 06:04 eftir að flugvél rann út af enda flugbrautar 01. Fór því flugvél TF-ISF í biðflug nálægt Keflavíkurflugvelli.



Á meðan á biðfluginu stóð, klukkan 06:21, lýsti flugstjóri flugvélar TF-ISF yfir neyðarástandi og sagðist verða að lenda á flugbraut 01 á Keflavíkurflugvelli vegna lágrar eldsneytisstöðu.

Klukkan 06:27 þann 28. október 2019 lenti flugvél TF-ISF, án heimildar, á lokaðri flugbraut 01 á Keflavíkurflugvelli.

Rannsóknin beinist meðal annars að eldsneytimálum flugrekandans, undirbúningi flugsins, eldsneyti flugsins, veðri, þjónustustigi Keflavíkurflugvallar, hálkuvarna á Keflavíkurflugvelli, viðbragðsgetu við opnun varaflugvalla, viðbragðsgetu við hálkuvarnir varaflugvalla, sem og kerfislægra misbresta.